

FRÉTTABLAÐIÐ

161. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

LAUGARDAGUR 9. JÚLÍ 2016



136 þeldökkir hafa fallið fyrir hendi lögreglumanna í Bandaríkjunum það sem af er þessu ári ➔18

NORDIC PHOTOS/GETTY



Spreyta sig á Startup Reykjavík

➔22



Hjarðhegðun tekur yfir

➔40



Banaslysið varð við hættuleg gatnamót

➔2

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Endalaust 365

ENDALAUST NET

1817 | 365.is

365

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísí og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á vísir.is/fbi eða beint í gegnum

App Store | Google Play | Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


Útsalan

er í fullum gangi

Opið til 18 í dag

SMÁRALIND

Veður



Í dag verður allhvöss norðaustanátt á Faxaflóasvæðinu, við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og Ströndum. Í ofanálag mun rigna döglega á Vestfjarðakjálkanum. Sunnan- og austanlands verður mun hægari vindur. Hiti 6 til 16 stig.

SJÁ SIÐU 30



Frumvarpið er mikilvægur liður í því að stjórnvöld geti fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óháð stofnun á vegum Alþingis

MANNRÉTTINDI Unnið er að stofnun Mannréttindastofnunar Íslands sem mun starfa óháð en á vegum Alþingis. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Mannréttindastofnunar


Meginhlutverk stofnunarinnar verður að efla og vernda mannréttindi á Íslandi eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

» Mannréttindaskrifstofa Íslands uppfyllir ekki viðmið um tryggt fjármagn frá ríkinu.

Innanríkisráðuneytið hefur unnið drög að lagafrumvarpi um stofnunina. Þetta kemur fram á vef ráðuneytisins en þar segir að frumvarpið sé mikilvægur liður í því að stjórnvöld geti fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Íslensk stjórnvöld hafa verið undir þrýstingi um að starfrækja sjálfstæða mannréttindastofnun. Í Noregi, Danmörku og Finnlandi eru starfræktar sérstakar mannréttindastofnanir en í Svíþjóð eru nokkrum umboðsmönnum falin afmörkuð verkefni á þessu sviði. – ngy

Byggt við Brietartún



Mikil uppbygging er við Höfðatorg, sem er við Brietartún, eins og sjá má á þessari mynd. Á þessum reit rísa tvö fjölbýlishús á tólf hæðum og skrifstofubýgging á átta hæðum. Verktakafyrirtækið Eykt stendur fyrir framkvæmdum á reitnum sem mikill gangur er í. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ferðamet frá 2007 slegið

FERÐAMÁL Um 67 þúsund Íslendingar fóru utan í júní síðastliðnum. Þetta er met frá upphafi mælinga, fyrra met var í júní árið 2007 en þá fóru 54.800 Íslendingar utan.

Þetta kemur fram í tölum frá Ferðamálastofu um brottfarir frá Keflavíkurlflugvelli.

Í júnímánuði fóru margir Íslendingar til Frakklands til þess að fylgjast með afrekum íslenska karlalandsins á Evrópumótinu í fótbolta.

Hingað til lands heldur erlendur ferðamönnum áfram að fjölga. 700 þúsund erlendir ferðamenn hafa komið til landsins það sem af er ári. Fjölgunin nemur 36,8 prósentum á milli ára í júní og frá áramótum nemur hún 35,8 prósentum. – kbg

67.000

Íslendingar fóru til útlanda í júní.

Banaslys við beygju sem stóð til að banna

Banaslys varð á fimmtudag við vinstri beygju inn á Reykjanesbraut. Yfirvöld tilkynntu síðasta sumar að banna ætti beygjuna. Íbúi í Höfnum segir gatnamótin hafa verið til vandræða í mörg ár. Vegagerðin segir seinkun hafa orðið á verkinu.

SLYS Banaslys varð á Reykjanesbraut á fimmtudag þegar vörubíll tók vinstri beygju inn á Reykjanesbraut frá Hafnavegi. Bíllinn og bifhjóli á suðurleið skulu saman og ökuður bifhjólans, þriggja barna faðir á fertugsaldri, lést.

Í ágúst í fyrra var tilkynnt um framkvæmdir við hringtorg við Stekk í Njarðvík og að vinstri beygja yrði bönnuð frá Hafnavegi. Í stað þess færi öll umferð til norðurs frá Hafnavegi um hringtorgið. Enn hefur vinstri beygjan þó ekki verið bönnuð með fyrrgreindum afleiðingum.

Atli Már Jóhannsson, mótörhólamaður og íbúi í Höfnum, segir gatnamót hafa verið vandræðabörn hjá Reykjanesbæ í mörg ár.


„Það voru fyrst gatnamótin fyrir neðan Hafnaveg, en það er komið hringtorg þar. Það stóð alltaf til að færa Hafnaveg niður að hringtorginu, það kom tillaga um það en það virðist ekkert vera að gerast í því,“ segir Atli.

„Það varð banaslys þarna í vetur aðeins neðar. Það er mikið af fólki sem þarf að labba yfir Reykjanesbraut til að sækja sér þjónustu. Það er verið að tala um að setja undirgöng þarna. Það er skrítið að þetta sé ekki gert í einum rykk,“ segir hann. Atli bendir á að við Reykjanesbraut séu tvenn gatnamót í viðbót án hringtorgs, bæði í Keflavík.

Í svari frá Vegagerðinni segir að ástæða þess að beygjan var ekki lögð af hafi verið seinkun á verkinu fram á harða vetur.

Eftir áramótin var svo farið að vinna í undirbúningi þess að setja undirgöng undir Reykjanesbraut við Hafnavegin. Það var ljóst að

» Slysstaður



➡ Bifhjólíð

➡ Vörubíllinn

■ ■ ■ ■ ■ Áætlaður flutningur

Það stóð alltaf til að færa Hafnaveg niður að hringtorginu, það kom tillaga um það en það virðist ekkert vera að gerast í því.

Atli Már Jóhannsson, íbúi í Höfnum



þar þyrfti að setja framhjálaup vegna þeirra framkvæmda og því frestaðist á ný að leggja beygjuna af.

Stefnt er að því að undirgöngin verði gerð í sumar. Ef verkinu aftur á móti seinkar verði strax farið í að banna vinstri beygjuna og sett upp það sem þarf til þess, kantsteinar og eyja. Hins vegar, ef farið verði í framkvæmdir með framhjálaupinu, þá lokist á vinstri beygjuna.

saeunn@frettabladid.is

Nýtt!
3 mest seldu plástrarnir í einum pakka

Láttu ekki blöðru stoppa þig!
Notaðu COMPEED® fyrirbyggjandi eða til að græða sárið

COMPEED®
Be Unstoppable

blómaval



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SUMMAR ÚTSALA

% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50%

BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ

Allt að 50% afsláttur

- Trjáplöntur og runnar 50% afsláttur
- Sumarblóm 20-40% afsláttur
- Bensín sláttuvélar 20% afsláttur
- Rafmagnssláttuvélar 25% afsláttur
- Garðverkfæri 25% afsláttur
- Hekklippur 30% afsláttur
- Keðjusagir 30% afsláttur
- Panill og vatnslæðning 20-30% afsláttur
- Garðleikföng 30% afsláttur
- Álstigar og tröppur 25% afsláttur
- Black & Decker rafmangsverkfæri 30% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Úðarar og slönguhjól 30% afsláttur
- Handlaugar og blöndunartæki, valdar vörur allt að 40% afsláttur

- Inni- og útimálning 25% afsláttur
- Viðarvörn og pallaolía 20% afsláttur
- Útipottar 30% afsláttur
- Garðstyttur 30% afsláttur
- Garðálfar 30% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Garðhúsgögn 25% afsláttur
- Ferðahúsgögn 25% afsláttur
- Innihurðir 20-30% afsláttur
- Útiljós 25% afsláttur
- Búsáhöld Aida og Beka 20-25% afsláttur
- Skjólgirðingar 30% afsláttur

- Heimilistæki valdar vörur á lækkuðu verði.
- Harpa Sjöfn málning (Skútuvogur) 40% afsláttur

... og margt fleira!

Slípímús
Black & Decker
32%
afsláttur



9.895 kr
14.519 kr

Jotun
pallaolía 3 ltr.
20%
afsláttur



1.908 kr
2.385 kr

Garðstóll
39%
afsláttur



8.900 kr
14.590 kr

Margarita
40%
afsláttur



999 kr
1.690 kr

Birki 40 stk
2.490 kr
4.990

Trjáplöntur
50%
afsláttur



% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%

BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ - BRJÁLUD TILBOÐ



TÖLUR VIKUNNAR 03.07.2016-09.07.2016


28

PÚSUND KRÓNUR
á ári greiða íslensk heimili fyrir kalt vatn sé miðað við þrjú íbúa í 100 fm íbúð.

12-15 PÚSUND Íslendingar þjást á hverjum tíma af þunglyndi að mati landlæknis.

2 einkareknar

heilsugæslustöðvar verða opnaðar á höfuðborgarsvæðinu. Tilboði í þriðju stöðina var hafnað.



38%

AUKNING
varð í sölu á nýjum fólksbílum fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra.

10% LÆKKUN um það bil má gera ráð fyrir á verði á fatnaði frá Bretlandi vegna lægra gengis sterlingspundsins.

12 rútur

aka nú farþegum til og frá fjarstæðum á Keflavíkurflugvelli. Þrjú strætisvagnar eru teknir á leigu þegar þörf krefur vegna fjölda.



4.095

MANN
hafa fallið fyrir byssu- skotum bandarískra lögreglumanna frá árinu 2013, samkvæmt samantekt á vefnum mappingpolice-violence.org.

Þrjú í fréttum Pólitík, fótbolti og sumarhús

Birgitta Jónsdóttir

Þingmaður Pirata

sagðist vilja námskeið fyrir nýja ráðherra og að ráðherrar réðu bestu mögulegu fagmanneskju í málaflokknum sem hann ætlaði að leggja höfuðáherslu á. Nú liti út fyrir að ráðnir séu flokksgæðingar. Birgitta kvaðst líka vilja raunverulegan forseta Alþingis sem væri forseti alls Alþingis og setti stólinn fyrir dyrnar þegar ríkisstjórnin valtaði yfir þingið og kæmi með málin alltof seint og illa unnin, þannig að greiða þyrfti atkvæði blindandi um mikilvæg mál.



Geir Þorsteinsson

formaður KSÍ

sagði vonir standa til að íslenskir fótboltamenn yrðu verðmætari eftir árangur landsliðsins á EM. Hann kvaðst sjá fyrir sér mikla uppbyggingu í kringum Laugardalsvöll á næstu árum takist að fá fjármagn í verkefnið þar sem hótél, veitingastaðir eða verslanir verði byggðar við stærra leikvang. Mannvirkin yrðu þannig úr garði gerð að þau skiluðu tekjum allt árið.



Sveinn Guðmundsson

formaður Landssambands sumarhúsaæigenda

sagði frístundahús framlengingu af heimili fólks. Þau væru ekki fjárfesting og þess vegna ætti ekki að greiða tekjuskatt af söluhagnaði frístundahúsa. Sveinn sagði sambandið ítrekað hafa reynt að ná áheyrn stjórnvalda. Enginn fjármálaráðherra hefði haft áhuga. Skattayfirvöld hefðu hunsað erindi þeirra.



Íslandsstofa stendur nú fyrir herferð sem á að hafa jákvæð áhrif á ferðahegðun á landinu en á dögunum var gefið út myndband á netinu þar sem ferðamönnum er kennt að aka um landið með öruggum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Miklar áhyggjur eru af akstri ferðamanna á landsbyggðinni

Alengt að ferðamenn stöðvi bílinn skyndilega til að taka myndir. Vegagerðin skoðar staði fyrir útskot.

FERÐAÞJÓNUSTA Mikið er um það að ferðamenn á bílaleigubílum úti á landi stöðvi bílinn skyndilega á miðri götu eða úti í vegarkanti til að taka myndir, skoða dyr á túnum eða dást að norðurljósum.

„Þetta þekki allir leiðsögumenn mjög vel. Ferðamennirnir á bílaleigubílum stoppa ýmist á miðri akbraut eða úti í kanti ef þeir sjá til dæmis hesta, kýr eða kindur, til að taka myndir,“ segir Kári Jónasson leiðsögumaður.

Kári bætir því við að þetta sé stórt vandamál á vegum landsins, sérstaklega fyrir þær sakir að þessu fylgir mikil hætta. „Þarna stoppa

þeir bara bílinn og gefa engin merki eða neitt.“

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að þeir hjá Vegagerðinni hafi miklar áhyggjur af þessu.

„Við vitum alveg af þessu vandamáli en það er heilmikið um þetta. Þess vegna erum við að láta taka út staði sem mögulega væri hægt að setja útskot á en það gæti hugsanlega dregið úr þessu,“ segir G. Pétur og bætir við að þetta sé ekki einungis vandamál á sumrin. Á veturna stöðvi menn bílana skyndilega þegar þeir sjái glitta í norðurljósin.

Íslandsstofa, í samstarfi við

Ferðamennirnir á bílaleigubílum stoppa ýmist á miðri akbraut eða úti í kanti ef þeir sjá til dæmis hesta, kýr eða kindur, til að taka myndir.

Kári Jónasson, leiðsögumaður



ferðaþjónustufyrirtæki í landinu, stendur nú fyrir herferð sem á að hafa jákvæð áhrif á ferðahegðun á landinu en á dögunum var gefið út myndband á netinu með örnámskeiði um ferðaöryggi. Þar er farið í gegnum það hvernig eigi að aka um Ísland með öruggum hætti.

„Þetta er í raun kennslumyndband um það hvernig eigi að keyra um landið. Þetta hefur nú þegar fengið frábærar viðtökur frá fólki sem ferðast um landið eða sem er á leið til landsins,“ segir Daði Guðjónsson, verkefnastjóri á sviði ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu.

nadine@frettabladid.is

Samstarf ESB og NATO verði nánara

PÓLLAND Ráðamenn Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins hafa ákveðið að styrkja hernaðarsamstarf þessara tveggja bandalaga.

Í sameiginlegri yfirlýsingu frá leiðtogafundi NATO í Póllandi segir að í ljósi áskorana, sem Evrópu- og Atlantshafsríki standi nú frammi fyrir vegna atburða í austri og suðri, þá krefjist íbúar aðildarríkjanna þess að brugðist verði við með því að tryggja öryggi þeirra.

„Jafnvel þótt öryggismál okkar, bæði inn á við og út á við, séu nátengd þá er stundum engu líkara en að ESB og NATO búi hvort á sinni plánetunni, í staðinn fyrir að vera með höfuðstöðvar sínar í sömu borginni,“ sagði Donald Tusk, forseti ráðherraráðs Evrópusambandsins, eftir að hafa undirritað hina sameiginlegu yfirlýsingu með Jean-Claude Juncker, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO. – gb



Andrzej Duda, forsætisráðherra Póllands, ásamt Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra NATO, við upphaf leiðtogafundarins í Varsjár í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Brjóstamiðstöðin er opin í júlí

Allt sem viðkemur brjóstum er okkar mál. Við tökum vel á móti þér.

Tímamantanir í síma 590 7000 eða netfang mottaka@klinikin.is

BRJÓSTA MIDSTÖÐIN



Ármúla 9 · 108 Reykjavík · sími 590 7000

Apple iPhone hjá Nova!



500 MB
netnotkun
eða **500 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

1 GB
netnotkun
eða **1.000 kr.**
á mán. í 12 mán.
fylgir!

1 GB
netnotkun
eða **1.000 kr.**
á mán. í 6 mán.
fylgir!

iPhone SE 16 GB

74.990 kr. stgr.

64 GB **89.990 kr.**

Litir: Space Gray & Rose Gold

iPhone 6s Plus 16 GB

134.990 kr. stgr.

64 GB **154.990 kr.**

iPhone 6s 16 GB

109.990 kr. stgr.

64 GB **134.990 kr.**

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**



Guðni Th. Jóhannesson hefði haft nauman sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðni hefði sigrað Höllu í annarri umferð

SAMFÉLAG Ef haldin hefði verið önnur umferð í nýafstöðnum forsetakosningum þar sem valið hefði einungis staðið milli Guðna Th. Jóhannessonar og Höllu Tómasdóttur hefði Guðni sigrað samkvæmt könnun MMR.

Naumlega þó því 52 prósent hefðu kosið Guðna en 48 prósent Höllu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá MMR. Í könnuninni var spurt hvern Íslendingar væru líklegastir til að kjósa sem forseta ef haldin yrði önnur umferð í forsetakosningum þar sem valið stæði á milli tveggja efstu framboðendanna.

Talsverð umræða var um það í tengslum við forsetakosningarnar að það væri ákjósanlegt að hafa tvöfalt kosningakerfi.

Mikilvægt væri fyrir forseta að hafa meirihluta kjósenda að baki sér. Könnunin var gerð dagana 27. júní til 4. júlí 2016 og var heildarfjöldi svarenda 924 einstaklingar, 18 ára og eldri. – kbg

Barist við veðuröflin



Fellibylurinn Nepartak gerði íbúum á Filippseyjum og víðar í sama heimshluta lífið leitt í gær. Til að mynda þurftu þúsundir í Tævan að flýja heimili sín. Þessi sjómaður mátti hafa sig allan við þar sem hann stýrði bát sínum í brotsjó undan strönd höfuðborgarinnar Maníla. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Amnesty International á Íslandi hefur ítrekað mótmælt pyndingum yfirvalda í varðhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Sjötíu prósent kvenna beitt kynferðisofbeldi af lögreglu

MANNRETTINDI Lögregluþröngd beita kynferðisofbeldi sem pyndingaraðferð gegn konum í Mexíkó. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Amnesty International.

Rannsóknin sýnir að af 100 konum sem rætt var við og höfðu sætt handtöku í Mexíkó greindu ríflega 70 prósent kvennanna frá kynferðisofbeldi við handtöku eða á meðan þær voru í haldi. Þrjátíu og þrjár konur sögðu að sér hefði verið nauðgað.

Af þeim 66 konum sem kærðu ofbeldið fékk aðeins þriðjungur mál sín rannsökuð.

Í tilkynningu frá Amnesty segir frá 26 ára konu, sem var nauðgað af hópi sex lögreglumanna, gefið raflost í kynfæri, sætti kæfingu með plastpoka og var höfði hennar dýft í vatnsfötu með það að markmiði að hún játaði aðild sína að glæpangengi. Enginn hefur verið dreginn til ábyrgðar vegna málsins. – snæ

Fangar ánægðir með nýjar tölvur

FANGELSISMÁL Afstaða, félag fanga á Íslandi, gaf á dögnum Fangelsinu á Akureyri þrjár nýjar tölvur.

Tölvurnar eiga að nýtast fongum sem stunda fjarnám og eru þær í skólastofu í fangelsinu.

„Það var mjög nauðsynlegt að okkar mati að endurnýja tölvubúnaðinn þar sem sá búnaður sem var fyrir var orðinn mjög gamall og í raun ónothæfur,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, en með gjöfni vill félagið hvetja

til náms. „Undanfarin tvö ár hefur verið góð þátttaka í fjarnámi í fangelsinu og er til dæmis einn fangi að klára stúdentspróf núna í sumar eftir að hafa verið í fjarnámi í fangelsinu.“

Elva Karlsdóttir, aðalvarðstjóri í Fangelsinu á Akureyri, fagnar gjöfni og segir að nýju tölvurnar veiki mikla lukku. Sérstaklega meðal þeirra sem stunda nám en í augnablikinu er einn fangi í háskólanámi og þrjár í framhaldsnámi. – ngy

Stofnun múslima varð trúfélag fyrir mistök

Reykjavíkurborg gerði yfirlýsingu um að Stofnun múslima á Íslandi væri trúfélag fyrir mistök og dró hana svo til baka ári síðar. Borgarfulltrúi hefur heyrt að yfirlýsingin hafi verið misnotuð til að fá fé að utan. Stofnunin vísar því á bug.

TRÚMÁL Reykjavíkurborg sendi frá sér yfirlýsingu í nóvember á síðasta ári þess efnis að Stofnun múslima á Íslandi væri trúfélag. Það var gert fyrir mistök. Yfirlýsingin var dregin til baka með bréfi nú í lok júní. Bæði skjölín voru undirrituð af starfsmönnum utanríkisráðuneytisins.


Upphaflega yfirlýsingin var gerð af starfsmanni Reykjavíkurborgar að beiðni Stofnunar múslima á Íslandi. Yfirlýsingin var afturkölluð eftir að leiðtogi Menningarseturs múslima, Ahmad Sedeeq, krafðist útskýringa á því hvers vegna stofnunin væri yfirlýst trúfélag en stofnunin er ekki skráð sem trúfélag á heimasíðu sýslumanns.

„Yfirlýsingin var einfaldlega röng og þetta byggðist greinilega á misskilningi. Það hefur aldrei verið rétt að stofnunin sé skráð trúfélag eins og haldið var fram,“ segir Halldór Auðar Svansson borgarfulltrúi en hann þekkir vel til málsins. „Ég hef heyrt að stofnunin hafi notað þessa yfirlýsingu til að þiggja fjármuni en get þó alls ekki fullyrt það. Ef einhver hefur verið að þiggja fjármuni á röngum forsendum þá getum við ekki annað gert en leiðrétt það,“ segir Halldór og útskýrir að misskilningurinn hafi líklega byggst á því að Menningarsetur múslima hafi verið staðsett í húsnæði Stofnunarinnar þar til fyrir um mánuði.

Trúfélög eru undanþegin fasteignaskatti samkvæmt lögum. Halldór segir stofnunina ekki hafa greitt gjöld af húsnæði sínu við Skógarhlíð en það hafi hins vegar ekki verið vegna yfirlýsingarinnar heldur vegna þess að Menningarsetur múslima hafi leigt húsnæðið þar til nú fyrir skömmu. Í dag greiði

stofnunin hins vegar fasteignagjöldin eðli málsins samkvæmt þar sem trúfélag hafi ekki lengur starfsemi í húsinu.

Karim Askari, framkvæmdastjóri Stofnunar múslima á Íslandi, segist ekki hafa fengið neina yfirlýsingu um það að mistök hafi orðið og stendur fast við það að stofnunin sé í raun trúfélag. Aðspurður hvort hann hafi notað skjalið til að fá fé að utan segir Karim svo ekki vera, en þekkt er að yfirlýsingin hafi verið notað til að sýna fólki hérna á Íslandi að við séum í raun trúfélag. Við erum trúfélag og höfum verið alveg frá byrjun,“ segir Karim og bætir við að stofnunin greiði ekki fasteignagjöld. nadine@frettabladid.is



Yfirlýsingin er frá nóvember 2015 en í þessu bréfi frá 28. júní sl. er hún dregin til baka. Bréfin eru bæði á ensku.

Ef einhver hefur verið að þiggja fjármuni á röngum forsendum þá getum við ekki annað gert en leiðrétt það.

Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata



Trúfélag múslima

Félag múslima á Íslandi og Menningarsetur múslima á Íslandi eru einu skráðu trúfélög múslima á landinu. Þetta kemur fram á lista yfir skráð trúfélög og líffskóðunarfélög á vefsíðu sýslumanns. Stofnun múslima er ekki skráð trúfélag.

VIÐ BREYTUM HOLTAGÖRÐUM
Í HAGKAUPSOUTLET!

RÝMINGAR
SALLA


ÞAÐ ER **35%** AFSLÁTTUR

AF ALLRI MATVÖRU

AÐEINS Í HOLTAGÖRÐUM
9.-10. JÚLÍ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vefverslunin Taramy.is



Leðurtöskur og veski
Sólgleraugu
Veiðigleraugu
Yfirgleraugu
Akstursgleraugu
Sportgleraugu
Dagbók kennarans
Bollar, könnur og skálar með svip
Gaddakylfan

Frábær verð!



Rekstraraðilar óskast í Sælkerahöll í Holtagörðum

Spennandi tækifæri í líflugu umhverfi

Vægi ferðabjónustu hefur aukist í Holtagörðum sem gegna nú hlutverki nýrrar samgöngumiðstöðvar með um 600 þúsund heimsóknum ferðamanna á hverju ári. Reitir vinna að endurskipulagningu Holtagarða og fyrirhuga að setja upp veitinga- og matarmarkað í bland við þann rekstur og þjónustu sem fyrir er.

Auglýst er eftir rekstraraðilum til þátttöku í uppbyggingu og rekstri á nýjum veitinga- og matarmarkaði. Markaðurinn verður með bása-fyrirkomulagi þar sem 12 m² og stærri rými eru í boði, með eða án bakrýma.

Sælkerahöllin verður í anda *Torvehallerne* og *Borough Market* þar sem matur, menning og umhverfi tvinnast saman í skemmtilegri upplifun fyrir gesti og gangandi. *Sælkerahöllinni* er ætlað að höfða bæði til ferðamanna og heimamanna þar sem áhersla verður lögð á ferska, íslenska matargerð, hráefni beint frá býli og sjávarfang ýmist til að njóta á staðnum eða hafa með heim.

Einnig er leitað að rekstraraðilum með sérvöru, ferðabjónustu eða afþreyingu.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2016.
Umsóknir og frekari upplýsingar á:
www.reitir.is/saelkeraholl.

Kringlan 4-12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Lækkun á gengi hlutabréfa fyrirtækja í fasteignaviðskiptum frá Brexit-kosningum*



*Miðast við gengi hlutabréfa um eftirmiðdaginn í gær.

Fasteignasjóðir í miklum vanda

Gengi bréfa í breskum fyrirtækjum sem reka fasteignasjóði hefur lækkað um tugi prósent frá Brexit-kosningunum. Fjárfestum er meinað að taka út fé.

VIÐSKIPTI Fjárfestum hefur verið bannað að taka út reiðufé vegna eigna sinna í nokkrum breskum fasteignasjóðum í kjölfar niðurstöðu Brexit-kosninganna. Hlutabréf í breskum fyrirtækjum sem reka fasteignasjóði og í helstu fasteignasjóðum Bretlands hafa lækkað um allt að tuttugu prósent frá því að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið. Ein aðalástæða þess er óvissa fjárfesta um hlutverk London sem fjármálamiðstöðvar utan Evrópusambandsins.

Frá því að Mark Carney, bankastjóri Englandsbanka, lýsti yfir áhyggjum sínum vegna þess að áhrifa Brexit væri nú þegar farið að gæta í efnahagslífinu hafa nokkrir stórir breskir fasteignasjóðir tekið á það ráð að banna innlausnir.

Aviva og Standard Life höfðu þegar bannað innlausnir þegar M&G, stærsti fasteignasjóður Bretlands, tilkynnti áform um það. The Financial Times greinir frá því að ekki hafi allir sjóðir ákveðið að gera þetta. Forsvarsmenn Legal & General, sem rekur 2,5 milljarða punda fasteignasjóð, hafi til dæmis lýst því yfir að þeir muni ekki gera það.

Fjöldmörg fyrirtæki hafa hins vegar skorð niður verðmat fasteignasjóða sinna. The Guardian greinir frá því að Aberdeen Asset Management hafi tilkynnt á miðvikudaginn að viðskipti yrðu stöðvuð í fasteignasjóði fyrirtækisins í sólarhring og virði sjóðsins yrði lækkað um sautján prósent.

Legal & General tilkynnti svo um tíu prósent lækkun á fimmtudaginn eftir fimm prósent lækkun í síðustu viku. Loks tilkynntu Foreign & Colonial og Kames einnig um fimm prósent lækkun á fimmtudaginn. Svipuð gengislækkun átti sér stað í Bretlandi árin 2007 til 2008 þegar verðmat var leiðrétt um fjörtíu prósent.

Hlutabréf í breskum fyrirtækjum sem reka fasteignasjóði hafa lækkað um tíu til tuttugu prósent frá Brexit-kosningunum fram að eftirmiðdegnum í gær og gengi hlutabréfa í Land Securities, stærsta fasteignafélagi Bretlands, höfðu lækkað um rúmlega fimmtán prósent.

Það gæti komið til þess að verslunarmiðstöðvar, skrifstofuhúsnæði og vóruhúsnæði fyrir allt að fimm milljarða punda, jafnvirði tæplega 800 milljarða íslenskra króna, yrðu seld út af þessum sveiflum. Mike Prew, sérfræðingur hjá Jefferies, segir í samtali við The Guardian, að þetta gæti verið gert til að endurgreidda fjárfestum.

Sérfræðingar óttast að þessi þróun gæti leitt til efnahagskreppu. Business Standard greinir frá því að Bill Gross, sérfræðingur hjá Janus Capital, segi ástæðurnar minna á atburðarásina fyrir hrun Lehman Brothers árið 2008. „Ef þessir fasteignasjóðir eru bara ein visbending, þá munu kannski aðrir fylgja. Ég held að þetta sé áhyggjuefni,“ segir Gross.

saeunn@frettabladid.is



Atvinnuleysi mældist 3,1 prósent á Íslandi í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fæstir án vinnu á Íslandi

EFNAHAGSMÁL Atvinnuleysi mældist minnst meðal OECD-ríkja á Íslandi og var 3,1 prósent í vor. Hlutfall starfandi mældist 75,7 prósent og er einnig það hæsta meðal OECD-ríkja. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu OECD, Employment Outlook 2016.

Í skýrslunni kemur fram að í maí voru 39 milljónir manna án vinnu innan OECD-ríkja sem er þremur milljónum færri en í maí í fyrra, en hins vegar sex milljónum fleiri en fyrir efnahagskreppuna 2008.

Atvinnuleysi mældist mest í Grikklandi eða 24,2 prósent, og þar á eftir á Spáni, 20,1 prósent.

Langtíma atvinnuleysi hefur færst

í aukana síðan fyrir kreppu og hefur nú einn af hverjum þremur atvinnulausum innan OECD-ríkja verið án atvinnu í meira en tólf mánuði. Þetta er 55 prósentum hærra hlutfall en fyrir kreppu.

Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir aukningu á vinnumarkaði hafi OECD áhyggjur af launabróun. Í þremur fjórðum OECD-ríkja er atvinnuleysi enn 2 prósentum yfir atvinnuleysishlutfalli fyrir kreppu eða laun fimm prósentum lægri en þau voru fyrir kreppu. Óvíst er hvort laun muni ná að hækka í takt við fyrri þróun, sérstaklega ef framleiðni heldur áfram að vera lág. – sg



Ávöxtun sjóða Stefnis

Sjóður	Árleg nafnvöxtun					Árleg nafnvöxtun frá stofnun*
	1 ár*	2 ár*	3 ár*	4 ár*	5 ár*	
Blandaðir sjóðir						
Stefnir – Samval ¹	14,4%	18,5%	17,3%	16,4%	16,3%	
Stefnir – Eignastýringarsjóður ¹	11,6%	12,9%	9,9%	10,0%	10,4%	
Íslensk hlutabréf						
Stefnir – ÍS 15 ¹	20,6%	25,7%	22,5%	23,0%	21,2%	
Íslensk skuldabréf og innlán						
Stefnir – Ríkisvixlasjóður ²	3,5%	3,5%	3,4%	3,3%	3,2%	
Stefnir – Ríkisbréfasjóður óverðtryggður ²	9,3%	7,6%	5,0%	6,1%	6,8%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur ²	3,9%	5,7%	3,6%	4,0%	5,3%	
Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður langur ²	2,6%	6,0%	3,7%	3,7%	5,5%	
Stefnir – Ríkisskuldabréf verðtryggð ²	1,2%	4,6%	2,6%	2,9%	4,8%	
Stefnir – Lausafjársgjóður ¹	5,7%	5,4%	5,5%			5,4%
Stefnir – Skuldabréfaval ¹	4,5%					4,4%
Erlend hlutabréf**						
KF – Global Value ²	-14,5%	-1,2%	4,4%	6,7%	4,4%	
KMS – Global Equity ²	-11,7%	1,6%	3,8%	6,8%	5,3%	
Stefnir – Scandinavian Fund ²	-13,3%	-4,3%	2,7%	5,7%	2,6%	
Stefnir – Erlend hlutabréf ²	-16,4%	-2,8%	1,6%	4,0%	3,4%	



** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma. Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta Seðlabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

* 1 ár: 30.06.2015 – 30.06.2016. 2 ár: 30.06.2014 – 30.06.2016. 3 ár: 30.06.2013 – 30.06.2016. 4 ár: 30.06.2012 – 30.06.2016. 5 ár: 30.06.2011 – 30.06.2016. Árleg nafnvöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Frekari upplýsingar um Stefni og sjóðina má finna á www.stefnir.is.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í íslenskum krónum. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Arion banka hf., sem er vörslufyrirtæki sjóðanna, og frá upplýsingaveitu Bloomberg.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir.

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.
2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðina, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þeirra, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Gallsúr mjólk



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Mjólkursamsalan hefur verið sektuð um 480 milljónir króna vegna alvarlegrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. MS seldi hrámmjólk til keppinautanna Mjólkú og síðar Kú á mun hærra verði en til MS, sem sagt sjálfs sín, og Kaupfélags Skagfirðinga, samkvæmt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Sama stofnun sektaði MS um 370 milljónir vegna sama máls fyrir tveimur árum en áfrýjunarnefnd samkeppnismála taldi að taka þyrfti málið upp að nýju vegna nýrra gagna sem MS lagði fram. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins nú er að brot MS hafi verið alvarlegri en áður var talið.

MS er sagt hafa viljað ýta Mjólkú út af markaði með yfirverðlagningu en Kaupfélag Skagfirðinga tók Mjólkú yfir árið 2009. Þá hafi mismununin haldið áfram gagnvart Kú sem stofnuð var í kjölfarið.

Í umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 6. júní síðastliðnum um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum segir meðal annars, að frumvarpið þarfnist gagnerrar endurskoðunar í því skyni að tryggja almannahagsmunum. Frumvarpið komi í veg fyrir eða takmarki bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu gagnvart afurðastöðvum í mjólkuriðnaði. Jafnframt segir, að frumvarpið komi í veg fyrir að minni vinnslu- eða afurðastöðvar eflist og dafni.

Þetta eru stór orð og vægast sagt stórfurðulegt að Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur sem kennir sig við vísýni á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmunum allra stétta fyrir augum, skuli taka þátt í því með samstarfsflokknum að festa hér í sessi enn frekar einokun og fákeppni á þessum markaði næstu árin og áratugina.

Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólkurbúsins Kú, fagnar niðurstöðunni. Hann fullyrðir í fréttum að Mjólkursamsalan hafi í raun verið með þaulskipulagða aðför að keppinautum sínum. Hann boðar skaðabótamál gegn MS, þar sem farið verði fram á hundruð milljóna í bætur. Forstjóri MS boðar áfrýjun á málinu, engir sjóðir séu til í félaginu sem hægt er að ganga í til að greiða svona sektir. Slíkar upphæðir kæmu einungis úr vösum neytenda. Er það boðlegur málflutningur?

Það virðist ekki vera að forsvarsmönnum MS þyki neitt að því að okra á keppinautum og neytendum í skjóli stjórnvalda. Þeir svara fullum hálsi, eins og þeirra er von og vísa.

Málatilbúnaður forráðamanna MS bætir einungis olíu á eldinn. Forstjóriinn ber tvo hatta. Hann er talsmaður einokunar og fákeppni hjá MS og svo málsvari viðskiptafrelsis í hlutverki stjórnarmanns Samtaka verslunar- og þjónustu. Er hægt að þjóna þessum ólíku herrum árekrastlaust?



Forstjóriinn ber tvo hatta. Hann er talsmaður einokunar og fákeppni hjá MS og svo málsvari viðskiptafrelsis í hlutverki stjórnarmanns Samtaka verslunar- og þjónustu.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Stoltið

Þegar ég gekk út af Stade de France á sunnudagskvöldið vissi ég að það hafði eitthvað stórkostlegt gerst. Við höfðum tapað fyrir Frökkum og vorum úr leik. Draumur, sem hafði átt sér tæplega tveggja ára aðdraganda, var á enda. En það var ekki eins og það skipti í raun neinu máli. Við vorum á einhvern hátt búin að vinna. Klisjan um að við værum þegar sigurvegarar var í raun ekki fjarri sanni. Ég hef fylgst með íþróttum frá barnaldri og vann meira að segja við að fjalla um þær um árabíl. Þetta hef ég aldrei séð.

Þarna stóðum við, sennilega hátt í tólf þúsund Íslendingar, með vot augu í rigningunni og klöppuðum fyrir liðinu okkar. Þetta var eins og hetjusena í bíómynd. Allir farnir af vellinum, nema Íslendingar sem gátu ekki fengið nóg og vildu ekki sleppa þessu augnabliki.

Eftir leikinn, á leiðinni á lestarstöðina, var á engan hátt hægt að sjá að við hefðum tapað leik. Það var sungið, drukkið og farið yfir leikinn. Vissulega heldur meira yfir seinni hálfleikinn, en það var ekki eins og neinn væri reiður. Í mesta lagi: Það hefði verið gaman að byrja aðeins betur.

Bláa hafið

Að vera í bláa hafinu, syngjandi og hrópandi var ótrúlega gefandi. Það gaf manni tilfinninguna að vera hluti af einhvers konar heild. Maður upplifði sig sem skipaðan fulltrúa íslensku þjóðarinnar og á manni hvíldi sú borgaralega skylda að óskra sig hásan. Syngjandi sendiherra.

Við sameinuðumst um að lýsa því hvernig okkur leið þegar Ragnar tæklaði Vardy, Hannes varði frá Nani og Kolbeinn kom okkur yfir á móti Englendingum. Það er líka hressandi þegar maður áttar sig á því að laun andstæðinga Íslendinga í þessum tveimur síðustu leikjum, myndu standa undir öllum kostnaði við rekstur Landspítalans. Það setur þetta í samhengi.

Draumurinn

Fótbolti náði að sameina okkur. Fótbolti sem er löðrandi í spillingu og misrétti. Fótbolti sem hefur ákveðið að tvö næstu heimsmeistaramót fari fram í Rússlandi og Katar. En samt er fótbolti svo stórkostleg íþrótt. Uppspretta spennu og gleði, sigra og sorgar.

Þetta ferðalag var eins og draumur. Fallegur draumur sem við þorðum ekki alveg á trúna á. Margir hugsuðu bara: Ég vona að við töpum ekki öllum leikjunum. Eða jafnvel: Ég vona að við skorum að minnsta kosti mark. Fimm leikjum síðar, tveimur sigrum og tveimur jafnteflum, eru aðeins þrjú lið sem hafa skorað fleiri mörk en við. Við áttum fleiri marktilraunir gegn Frökkum en allir fyrri andstæðingar þeirra á mótinu – samanlagt!

Þessir leikir vöktu nokkuð sem hefur lítið farið fyrir síðustu ár. Það hefur þótt plebbalegt og dæmi um hallærislegan popúlisma: Þjóðarstolt.

Við höfum ekki sameinast um neitt svo lengi. Eftir hrun varð þjóðarstolt nánast eins og skammaryrði. Gjarnan talað um þjóðarrembing ef einhver leyfði sér að nefna að sennilega væri eitthvað sérstakt við þessa þjóð sem hefði unnið ýmiss konar afrek – oft við erfiðar aðstæður. Það eina sem við höfum komið okkur saman um er að sundrast. Við höfum talað okkur niður og margir hafa nánast lítið á það sem þegnskyldu að tala um hvað Íslend sé ömurlegt. A stundum hefur maður nánast þurft að elta uppi útland til að heyrja eitthvað fallegt um landið og hvað Íslendingar séu nú merkileg þjóð.

Svo gerist þetta. Það þarf ekki annað en að horfa á Arnarhól, þar sem allir voru þegar liðið kom heim. Eða götur borgarinnar, þar sem enginn var þegar Ísland spilaði. Við fundum eitthvað til að sameinast um. Það er óháð stétt og stöðu. Óháð menntun og efnahag. Það þyrfti fótboltalandslið til að fá okkur í fyrsta sinn í langan tíma til að viðurkenna að við erum stolt af því að vera Íslendingar.

Allt er bjart fyrir okkur tveim, því ég er kominn heim.

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%




íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, janúar–mars 2016



Allt sem þú þarft ...



Við tókum ákvörðun:
að veita bestu bankaþjónstu
á Íslandi ár eftir ár svo þú
eigir auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Tímaritið Euromoney valdi okkur besta bankann á Íslandi fjórða árið í röð. Við erum þakklát fyrir þennan heiður sem er fyrst og fremst að þakka öflugri liðsheild, frábæru starfsfólki og síðast – en ekki síst – bestu viðskiptavinum á Íslandi sem hafa tekið virkan þátt í að móta með okkur þjónustuna.

Við þökkum viðskiptavinum og starfsfólki þennan frábæra árangur.



Blikar tóku toppsætið af Stjörnunni

Mikilvægt mark Blikar fagna Rakel Hönnudóttur eftir að hún skoraði gegn Stjörnunni í Pepsi-deild kvenna í gær. Það reyndist eina mark leiksins og Breiðablik vann Stjörnuna því 1-0 í þriðja deildarleik liðanna í röð. Með sigrinum komust Blikar á topp deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Fyrsti svona EM-dagur í 58 ár

Tvær íslenskar konur keppa til úrslita á EM í frjálsum í dag. Ísland hefur ekki átt tvo keppendur í sér úrslitum á sama degi á EM síðan í Stokkhólmi 1958. „Stór dagur fyrir frjálssar á Íslandi,“ segir Freyr, formaður FRÍ.

FRJÁLSSAR ÍPRÓTTIR Tvær íslenskar frjálssíþróttakonur tryggðu sér sæti í úrslitum í sínum greinum á fimmtudaginn og keppa þær í úrslitum í dag. Það er langt í frá að vera viðburður á EM að Ísland eigi tvo keppendur í úrslitum hvað þá á sama degi. 9. júlí 2016 er því þegar orðinn sögulegur í íslensku frjálssíþróttasögunni.

Ásdís Hjálmsdóttir keppir til úrslita í spjótkaсти klukkan 16.45 en Aníta Hinriksdóttir keppir til úrslita í 800 metra hlaupi klukkan 19.40. Í millitiðinni keppir Arna Stefania Guðmundsdóttir í undanúrslitum í 400 metra grindarhlaupi (klukkan 18.20).

Eiga heima á stóra sviðinu

„Þetta sýnir bara í hvaða stöðu þær eru þessar stelpur. Íslendingar í frjálsum, eins og í fótboltanum, eiga heima á stóra sviðinu. Þær sýna það þessar stelpur,“ segir Freyr Ólafsson, formaður FRÍ. En við hverju má búast í dag? „Okkar væntingar stóðu til þess að þær kæmst á þennan stað sem þær eru komnar á núna. Ásdís var tíunda inn og Aníta var fjórða inn. Auðvitað væri það sem við yrðum mjög sátt við. Hver einasta þjóð lætur sig náttúrulega dreyma um medalíu,“ segir Freyr.

„Þetta er stór dagur fyrir frjálssar á Íslandi og góð upphitun á Ólympíuári. Það er svolítið skemmtilegt að hafa svona stórt mót mánuði fyrir leika,“ segir Freyr um tíma-setninguna, en bæði Ásdís og Aníta eru á leiðinni á ÓL í Ríó.

Þetta er í fyrsta sinn sem Aníta keppir til úrslita á stórmóti full-



Aníta Hinriksdóttir keppir kl. 19.40 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Ásdís Hjálmsdóttir keppir kl. 16.45 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

orðinna en Ásdís hefur komist einu sinni áður í úrslit, en það var fyrir sex árum. Ásdís Hjálmsdóttir er að setja nýtt íslenskt met, með því að keppa á sínu fimmta Evrópumóti.

Önnur veröld

„Aníta hefur staðið sig vel á unglingastórmótunum en þetta er harðara þegar komið er upp í fullorðinsflokk. Þetta er önnur veröld og hún stendur sig vel í henni. Þetta var stressandi í gær (fyrradag) því tölfræðin var ekki Ásdís í hag, að vera áttunda eftir fyrri riðið. Það var svolítið sérstakt að það voru bara tvær sem köstuðu lengra. Það var mjög gott fyrir hana að vera réttu megin núna,“ segir Freyr en Ásdís var búin að enda í þrettánda sæti á tveimur EM í röð en tólf efstu komast í úrslit.

Ísland átti síðast tvo íþróttamenn í úrslitum á sama degi á

EM í frjálsum fyrir 22 árum eða á EM í Helsinki 1994. Dagurinn var 13. ágúst 1994 og þá keppti Pétur Guðmundsson í tólf manna úrslitum í kúluvarpi og Martha Ernstsdóttir í 21 manna úrslitum í tíu þúsund metra hlaupi. Martha er einmitt frænka Anítu Hinriksdóttur sem keppir í dag.

Pétur þurfti að vinna sér sæti í úrslitum og náði þá besta kastinu í undankeppninni en Martha var komin í úrslitahlaupið um leið og hún náði lágmarkinu á EM. Kast Péturs í undankeppninni hefði dugað á pall en hann náði sér ekki eins vel á strik í úrslitunum.

23. ágúst 1958

Það þarf aftur á móti að fara aftur um 58 ár til að finna sams konar stöðu og íslenskar frjálssar eru í í dag. EM í Stokkhólmi 1958 var nefnilega síðasta Evrópumótið þar

sem tvær íslenskar keppendur, sem höfðu unnið sér sæti í úrslitum í undankeppni á móti, kepptu til úrslita á sama degi. Sá dagur var 23. ágúst 1958 og keppendurnir voru Vilhjálmur Einarsson í þristökki og Gunnar Huseby í kúluvarpi.

Vilhjálmur Einarsson varð þrettándi í undankeppninni en stökk 108 sentimetrum lengra í úrslitum þristökksins og tryggði sér bronsverðlaun. Gunnar Huseby hafði unnið gull í kúluvarpinu á Evrópumótunum 1946 og 1950 en hann var þarna orðinn 34 ára gamall og varð að sætta sig við 17. sætið í úrslitunum 1958.

Síðan hafa 22 íslenskar frjálssíþróttamenn keppt til úrslita en enginn þeirra í sérúrslitum á sama degi. Það er því stór stund á Ólympíuleikvanginum í Amsterdam í dag. ooj@frettabladid.is

Pepsi-deild kvenna í fótbolta**KR - ÍBV 0-5**

0-1 Cloe Lacasse (4.), 0-2 Sigríður Lára Garðarsdóttir (13.), 0-3 Rebekah Bass (40.), 0-4 Lacasse (80.), 0-5 Bass, víti (87.).

ÍA - Valur 0-1

0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (10.).

Þór/KA - Selfoss 3-0

1-0 Stephany Mayor (2.), 2-0 Mayor (24.), 3-0 Natalia Gómez Junco (85.).

FH - Fylkir 1-2

0-1 Selja Ósk Snorraddóttir (12.), 1-1 Ingi-björg Rún Óladóttir (45.), 1-2 Rut Kristjánsdóttir (61.).

Breiðablik - Stjarnan 1-0

1-0 Rakel Hönnudóttir (45.).

Efst	Neðst	
Breiðablik	17	Selfoss 9
Stjarnan	16	Fylkir 7
Valur	14	FH 7
Þór/KA	11	KR 6
ÍBV	9	ÍA 1

ARNA STEFANÍA BÆTTI SIG Á FYRSTA STÓRMÓTINU SÍNU Arna Stefania Guðmundsdóttir bætti sig og komst í undanúrslit á sínu fyrsta stórmóti á EM í Amsterdam í gær þegar hún náði sjöunda besta tímanum í undanrásunum í 400 metra grindarhlaupi. Arna Stefania kom í mark á 57,14 sekúndum en hún átti best áður 57,60 sekúndur. Hún keppir í undanúrslitum í dag.

ÚRSLITIN RÁÐAST Á MORGUN

Portúgal og Frakkland mætast í úrslitaleik EM 2016 á Stade de France annað kvöld. Cristiano Ronaldo fær þarna kjörið tækifæri til að vinna sitt fyrsta stórmót með portúgalska landsliðinu og styrkja þar með stöðu sína sem einn af bestu leikmönnum fótbolta-sögunnar. Ronaldo hefur skorað þrjú mörk á EM 2016 en sá eini sem hefur gert fleiri er Frakkinn Antoine Griezmann sem verður portúgölsku vörninni eflaust óþægur ljár í þúfu í úrslitaleiknum. Frakkar hafa unnið tvö síðustu stórmót sem þeir hafa haldið, EM 1984 og HM 1998, og vilja eflaust bæta þriðja heima-titlinum við annað kvöld. Frakkar hafa tvisvar sinnum áður orðið Evrópu-meistarar (1984 og 2000) en Portúgalar aldrei.

**Í dag**

11.50 F1 tímataka, Silverstone Sport
13.00 Wimbledon-mótið, einlíðaleikur kvenna úrslit Sport 2
15.30 FH - Víkingur R. Sport
02.00 UFC 200 Cormier-Silva Sport

14.00 Huginn - Leiknir R. Seyðisfj.v.
16.00 FH - Víkingur R. Kaplakríki
16.00 Grindavík-Þór Ak. Grindavík

Á morgun

11.30 F1 á Silverstone Sport
13.00 Wimbledon-mótið, einlíðaleikur karla úrslit Sport 2
15.30 KR - Víkingur Ó. Sport
22.00 Sumarmessan Sport

16.00 KR - Víkingur Ó. KR-völlur

WWW.NISSAN.IS



Innovation
that excites

NISSAN X-TRAIL

RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA



TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPIARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.390.000 kr.

Eyðsla 5,1 l /100 km*

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjór hjóladrifinn

Verð: 5.790.000 kr.


Eyðsla 5,3 l /100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth

Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 301 x 200 x 78 cm

179.990 kr. ~~239.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

149.990 kr. ~~189.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR



Kiruna

Priggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 x 90 x 78 cm.

69.990 kr. ~~99.990 kr.~~

30%
AFSLÁTTUR

Kiruna

Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 x 90 x 78 cm.

59.990 kr. ~~89.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm.

89.990 kr. ~~119.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



DELTA

Eldhúsbörð. Eik/hvitt.
Stærð: 100 x 100 H: 74 cm

29.990 kr. ~~49.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



BELINA

Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

9.995 kr. ~~19.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



NEPTUN

Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

8.990 kr. ~~11.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR



NEPTUN

Borðstofustóll.
Eik.

10.990 kr. ~~14.990 kr.~~

26%
AFSLÁTTUR



b
broste
COPENHAGEN

BASTLUKTIR
FRÁ BROSTE

30%
AFSLÁTTUR

MOSAICO, LUCE OG
PRISMA GLÖS FRÁ VIDIVI

40%
AFSLÁTTUR



VIDIVI
Vetro Cattedrale Venezia
vetrohouse

RALPH LAUREN
H O M E



ÖLL MATARSTELL
FRÁ RALPH LAUREN

50%
AFSLÁTTUR

ÖLL SMÁVARA
FRÁ IVV

30%
AFSLÁTTUR



IVV
Handmade in Italy
home&table

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

Sumar

ÚTSALAN

í fullu fjöri

Allt að

60%

afsláttur



33%
AFSLÁTTUR

LEEDS

Hægindastóll.
Anna/Patch slitsterkt áklæði.

79.990 kr. ~~119.990 kr.~~

HARROW

Hægindastóll. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.



26%
AFSLÁTTUR

Stóll Skammell
109.990 kr. **49.990 kr.**
~~149.990 kr.~~ ~~69.990 kr.~~



25%
AFSLÁTTUR

SALLY

Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.

29.990 kr. ~~39.980 kr.~~

PASO DOBLE

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 305 x 100/150 x 95 cm



35%
AFSLÁTTUR

F furninova

240.490 kr.

~~369.990 kr.~~



ADAM

Ljósbrúnt, grátt og rautt slitsterkt áklæði.
Stærð: 82 x 98 x 104 cm

28%
AFSLÁTTUR

L A Z B O Y
Live life Comfortably.

99.990 kr.
~~139.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR

PINNACLE

Brúnt, dökkbrúnt eða vínrautt leður á slitflötum.
Stærð: 84 x 90 x 100 cm



143.990 kr.
~~179.990 kr.~~



28%
AFSLÁTTUR

CLEVELAND

Hægindastóll.
Ljós- og dökkgrátt áklæði.

24.990 kr. ~~34.990 kr.~~



Feðginin Jóhanna Engilráð og Hrafn bregða á leik með tafnmenn í stærra lagi. Á uppskeruhátíðinni verður einmitt hægt að prófa þetta stóra tafl sem sést í bakgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Erum fyrst og fremst að gleðjast saman

Skákkfélagið Hrókurinn heldur uppskeruhátíð í dag þar sem verður nóg um að vera. Skákmeistarar tefla við gesti, boðið verður upp á vöflur, bókamarkað og harmóníkuleik svo eitthvað sé nefnt. Hróksliðar hafa farið í yfir 50 ferðir til Grænlands á undanförunum árum.

Viktoría
Hermannsdóttir
viktoriam@frettabladid.is



Við erum að fagna góðum árangri að undanförunu og leggja drög að næstu verkefnum. Við erum fyrst og fremst að gleðjast, koma saman og bjóða alla velkomna að koma og kynna sér starfs Hróksins á Íslandi og í Græn-

landi," segir Hrafn Jökulsson, forseti skákkfélagsins Hróksins. Hrókurinn býður til uppskeruhátíðar í dag. Þar verður tafl og tónlist, bókamarkaður, myndasýning frá Grænlandi og vöflur á boðstólum. Linda Guðmundsdóttir frá Finnbogastöðum í Trékyllisvík leikur á harmóníku, Valdimar Tómasson stýrir bókamarkaði og skákmeistarar tefla við gesti og gangandi.

Frá árinu 2003 hafa Hróksliðar farið í yfir 50 ferðir til Grænlands að útbreiða skák og vináttu. Þeir hafa einnig staðið fyrir fatasöfnun fyrir grænlandsk börn og unglinga auk þess sem nýlega var farið að safna fötum fyrir heimilislausu í Nuuk. „Það var nýlega stofnað athvarf fyrir heimilislausu í Nuuk sem Íslendingurinn Guðmundur Þorsteinsson veitir forstöðu. Við heimsóttum það í maí

og eignuðumst þar góða vini. Við sendum fyrstu sendinguna af fatnaði þangað í gær.“

Það er nóg um að vera hjá Hrókn-um og á hátíðinni verða komandi verkefni einnig kynnt. „Það er mikið fram undan af skákhátíðum og skemmtilegheitum víða á Grænlandi enda flýgur Flugfélag Íslands núna til fimm staða á Grænlandi. Flugfélagið hefur staðið þétt við

bakið á okkur frá upphafi ásamt fleiri góðum,“ segir Hrafn. „Svo erum við líka bara að fagna þessum góða árangri og fara yfir verkefni okkar hér heima. Verkefni eru öll í anda slagorðs Hróksins og skák-hreyfingarinnar: Við erum ein fjölskylda.“

Uppskeruhátíðin fer fram milli klukkan 14 og 16 í Pakkhúsi Hróksins, Geirsgötu 11, í dag.

Gaddakylfan

Sagan sem ekki má segja
er ævisaga með meiru - í kiljuformi

